FRÉTTATILKYNNING

Landssamband smábátaeigenda

Útflutningur á óunnum fiski: Stórútgerðin vill hengja bakara fyrir smið

Landssamband smábátaeigenda hafnar þeim málflutningi sem fram kom á Sjávarútvegsráðstefnunni um að strandveiðar séu rót alls ills þegar kemur að útflutningi á óunnum fiski. LS telur gagnrýni á strandveiðar vegna útflutningsins ekki eiga við rök að styðjast og bendir á að ákvarðanir um útflutning séu teknar af kaupendum aflans, ekki strandveiðisjómönnum.

Á síðasta fiskveiðiári voru 12.392 tonn af óunnum ferskum þorski flutt út, þar af 6.255 tonn á þeim mánuðum sem strandveiðar standa yfir. LS áætlar að um 2.400 tonn hafi komið frá strandveiðiflotanum. Sú áætlun byggist á þeirri forsendu að meðalútflutningur á mánuði frá september út apríl hafi haldist óbreyttur yfir strandveiðitímann og tekur mið af því að strandveiðar voru stöðvaðar þegar helmingur veiðidaganna var eftir í ágúst.

Að mati LS gefur áætlaður útflutningur upp á 2.400 tonn úr 14.314 tonna strandveiðipotti ekki tilefni til siðafárs að hætti SFS.

Hlutverk strandveiðiflotans er að veiða fisk og koma honum samdægurs í land. Kaupendur aflans ákveða síðan hvort hann er unninn hér á landi eða fluttur óunninn út. Ef Samherji kýs að kaupa strandveiðiafla og flytja hann óunninn úr landi er það ákvörðun Samherja, ekki strandveiðiflotans. Landssamband smábátaeigenda leggur áherslu á að umræðan taki mið af þessari verkaskiptingu: Ekki hengja bakara fyrir smið.

Frekari upplýsingar veitir Kjartan Sveinsson, formaður LS, í síma 663 6692 eða með tölvupósti á kjartan@smabatar.is.